



**GRAFÍA**

Stéttarfélag í prent-  
og miðlunargreinum

# **KAUPTAXTI**

**frá og með 1. maí 2017**

Samkvæmt kjarasamningi milli  
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum  
og Samtaka atvinnulífsins og kjarasamningi GRAFÍU  
og Sambandi íslenskra auglýsingastofa/Félags atvinnurekenda  
vegna grafískra hönnuða.

# Úr kjarasamningi GRAFÍU/FBM og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 22. júní 2015 og 21. janúar 2016

og

## kjarasamningi Grafíu/FBM og Samtaka íslenskra auglýsingastofa/ Félags atvinnurekenda vegna grafískra hönnuða sem undirritaður var 8. júlí 2015 og 26. janúar 2016.

### Inngangur

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning GRAFÍU og SA (áður kjarasamningur FBM og SA) og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

Gildistími er frá 1. maí 2015 – 31. desember 2018.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Grafíu og SIA/FA (áður kjarasamningur FBM/FGT og SÍA/FA vegna grafískra hönnuða/teiknara) og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

### Eftirfarandi texti á við um báða samninga:

#### 1.gr.

#### Grundvöllur samningsins

Samningur þessi byggir á rammasamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

#### 2.gr.

#### Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á

milli á tímabilinu má til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammasamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

#### 3. gr.

#### Framlag í lífeyrissjóði

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni.

Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

#### 4. gr.

##### Almennar launabreytingar

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.  
1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

##### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2017 kr. 86.000.

Á árinu 2018 kr. 89.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 verði orlofsuppbót kr. 46.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 verði orlofsuppbót kr. 48.000.

##### Aðstoðarfólk - lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur aðstoðarfólks fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir þá starfsmenn sem eftir að 18 ára aldri er náð hafa starfað a.m.k. sex mánuði hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir):

1. maí 2017 kr. 280.000 á mánuði.

1. maí 2018 kr. 300.000 á mánuði.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til tekna í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Launauppbót vegna lágmarkstekjutryggingar skerðist ekki vegna samningsbundinnar launahækkunar vegna aukinnar menntunar sem samningsaðilar standa sameiginlega að. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

##### Breytingar á ákvæðum aðalkjarsamnings

*Við grein 1.9.1 bætist:*

Þegar um tímabundnar ráðningar / verkefnaráðningar er að ræða er miðað við að skrifleg staðfesting ráðningar liggi fyrir áður en til fyrstu launaútborgunar kemur.

# Kauptaxti GRAFÍU frá og með 1. maí 2017

Almenn launahækkun 4,5%

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna í vaktavinnu
<b>Sveinar</b>				
Byrjunarlaun	347.753 kr	2006,31	3611,41	4012,62
Eftir 1 ár	353.475 kr	2039,32	3670,84	4078,64
Eftir 3 ár	359.371 kr	2073,33	3732,07	4146,66
Eftir 5 ár	370.969 kr	2140,25	3852,51	4280,50

## Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráréttindi.

### Iðnaðarmenn með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýttast í starfinu.

Laun	386.476 kr	2.233,97	4.013,55	4.467,94
------	------------	----------	----------	----------

### Flokkstjóri/Vaktstjóri 15% álag\*

Eftir 5 ár	426.614 kr	2461,28	4430,39	4922,56
------------	------------	---------	---------	---------

\*Dæmi um svein með 5 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

## Iðnaðarmenn án sveinsprófs

Byrjunarlaun	316.521 kr	1826,12	3287,07	3652,24
Eftir 1 ár	321.522 kr	1854,97	3339,01	3709,94

## Aðstoðarfólk.

Byrjunarlaun	259.534 kr	1497,34	2695,26	2994,68
Eftir 1 ár	263.018 kr	1517,44	2731,44	3034,88
Eftir 3 ár	266.609 kr	1538,16	2768,73	3076,32
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	270.417 kr	1560,13	2808,28	3120,26

## Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun	267.243 kr	1541,82	2775,32	3083,64
Eftir 1 ár	268.434 kr	1548,69	2787,69	3097,38
Eftir 3 ár	270.961 kr	1563,27	2813,93	3126,54
Eftir 5 ár	274.756 kr	1585,16	2853,34	3170,32

## Starfsþjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsþj.	259.082 kr	1494,73	2690,57	
Eftir 6 mán. starfsþj.	269.422 kr	1554,39	2797,95	

Vaktavinna	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna í vaktavinnu
------------	-------------	----------	-----------	---------------------------

### Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	417.304 kr	2407,57		4012,62
Eftir 5 ár	445.163 kr	2568,30		4280,50

### Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	322.121 kr	1858,43		3097,38
Eftir 5 ár	329.707 kr	1902,19		3170,32

### Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	424.259 kr	2447,70		4012,62
Eftir 5 ár	452.582 kr	2611,10		4280,50

### Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	327.489 kr	1889,40		3097,38
Eftir 5 ár	335.202 kr	1933,89		3170,32

### Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	431.214 kr	2487,82		4012,62
Eftir 5 ár	460.002 kr	2653,91		4280,50

### Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	332.858 kr	1920,37		3097,38
Eftir 5 ár	340.697 kr	1965,60		3170,32

### Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	441.646 kr	2548,01		4012,62
Eftir 5 ár	471.131 kr	2718,12		4280,50

### Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	340.911 kr	1966,83		3097,38
Eftir 5 ár	348.940 kr	2013,15		3170,32

## Kauptaxti GRAFÍU og SÍA/FA vegna grafískra hönnuða

Almenn launahækkun 4,5%

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna
<b>Launataxtar 1. maí 2017</b>			
1. flokkur byrjunarlaun	352.358 kr	2259	3524
2. flokkur eftir 1 ár	375.834 kr	2409	3758
3. flokkur eftir 4 ár	395.280 kr	2534	3953
4. flokkur eftir 6 ár	424.585 kr	2722	4246

## Vegna 4. kafla kjarasamnings

Fyrir neðan 1.mgr. þess kafla sem fjallar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma komi skýringarkassi:

### Skýring

Óvinnufærni af völdum slyss getur hvort heldur komið fram strax eftir slys eða síðar. Um sönnun og orsaka-tensl fer samkvæmt almennum reglum.

*Ákvæði kjarasamninga um gildissvið dánar-, slysa- og örorkutrygginga breytist þannig:* Skylt er atvinnurekenda að tryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis sem og frá vinnustað og til vinnustaðar í neysluhléum. Ef starfsmaður hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

### Tryggingar vegna starfa erlendis

Ákvæðið um slys af völdum vélknúinna ökutækja í dánar-, slysa- og örorkutryggingakafla kjarasamninga breytist þannig: Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningaraskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi og eru bótaskyld samkvæmt lögboðinni ökutækjategyggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysa-

tryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.

### Útreikningur veikindaréttar

Fyrir neðan ákvæði um laun í veikindum (heildarréttur á 12 mánaða tímabili) komi skýringarkassi:

### Skýring

Veikindaréttur miðast við greidda veikindadaga á 12 mánaða launatímabili. Þegar starfsmaður verður óvinnufær er við upphaf veikinda litið til þess hversu margir dagar hafa verið greiddir á síðustu 12 launamánuðum og dragast þeir frá áunnum veikindarétti. Hafi starfsmaður verið launalaus á tímabili telst það tímabil ekki með við útreikning.

*Ný grein um verkstjóra verði gr. 8.3. og orðist svo:*

Félagsmönnum í Grafíu og er falin verkstjórn, skal greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð. Álag skal vera umsamið milli aðila, allt eftir eðli og umfangi starfsins ásamt ábyrgð sem því fylgir og ekki vera lægra en fyrir flokksstjórn skv. gr. 2.7.

Aðild sveina að Grafíu kemur á engan hátt í veg fyrir að sveinum sé falin verkstjórn enda taki þeir á sig allar skyldur sem því fylgir.

Verkstjórar skulu ekki vera tilnefndir sem trúnaðarmenn og ekki vera í samninganefndum Grafíu.

Komi til verkfalla af hálfu Grafíu er verkstjóri undanþeginn skyldu til þátttöku í þeim aðgerðum.

## Úr kjarasamningi GRAFÍU og SA

### 6. kafli

#### Orlof

##### 6.1. Sumarleyfi

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt. Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki er orlof 28 dagar.

Eftir 10 ár í iðninni er orlof 30 dagar.

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

##### 6.2. sumar- og vetrarorlof

Óski starfsmaður með 9 ára starfsreynslu að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verður þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Óski starfsmaður með 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verður þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí. Vetrarorlof skal starfsmaður nota til að auka þekkingu sína. Ósk um töku vetrarorlofs skal koma fram fyrir 1. maí ár hvert.

**Vetrarorlof skal tilkynna fyrir  
1. maí ár hvert.**

**Að gefnu tilefni hvetjum við félagsmenn til að bera saman launaseðla við kaup-taxta og yfirfara dagvinnulaun, yfirvinnulaun og vaktavinnulaun.**

## Úr kjarasamningi GRAFÍU og FA/SÍA vegna grafískra hönnuða

### 3. Orlof.

#### 3.1.

Um orlof fer að landslögum og er orlofsréttur nú 24 virkir dagar á ári ( 10,17 % ), og teljast 5 fyrstu laugar-dagar í orlofi ekki með.

Við 4 ára starfsaldur lengist orlof um 2 vinnudaga ( í 11,11 % ) á ári.

Við 6 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 11,59 % ) á ári.

Við 9 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 12,07 % ) á ári.

Við 12 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 12,55 % ) á ári.

Eftir 5 ár í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í sama fyrirtæki 30 dagar

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfs-tíma er náð.



## Ábendingar:

1. Félagsgjald er kr. 6.750 á mánuði.
2. Lönnemar á staðfestum námssamningi greiða kr.4.500 á mánuði.
3. Félagsgjald aðstoðarfólks er kr. 5.350 á mánuði.
4. Félagsgjald við hlutastarf er 2%, en að hámarki 6.750 á mánuði.
5. 1% iðgjald til Sjúkrasjóðs reiknast af öllum launum. (Þ.e. grunnlaun + yfirborgun + aukavinna).
6. Iðgjald til Fræðslusjóðs GRAFÍU er kr. 1.065 á mánuði af öllum félagsmönnum GRAFÍU í fyrirtækinu.
7. 0,25% iðgjald til Orlofsheimilasjóðs reiknast af öllum launum.
8. 1,1% iðgjald til Prenttæknisjóðs greiðist af öllum launum.
9. Iðgjald til Birtu lífeyrissjóðs. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og atvinnurekandi með sama hætti 8,5% (verður 10%, 1. júlí 2017).
10. Séreignarsparnaður. Mótframlag vinnuveitenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
11. Atvinnurekandi greiðir 0,1% endurhæfingarsjóð til Birtu lífeyrissjóðs.

**Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.**